



Fundargerð aðalstjórnar Íþróttafélagsins Gróttu

06.október 2014

Mættir:

Haraldur Eyvinds –formaður	Erla Kristín Árnadóttir- kraftlyftingadeild
Guðjón Norðfjörð – gjaldkeri boðaði forföll	Guðrún Edda Haraldsdóttir - fimleikadeild
Hreinn Októ Karlsson – ritari	Arnar Þorkelsson – handknattleiksdeild
Hafdís Guðmundsdóttir -meðst	Hilmar Sigurðsson– knattsd. Boðaði forföll
Ásta Sigvaldadóttir - verkefnastjóri	Kristín Finnbogadóttir – framkvæmdarstj.
Ragnar Rafnsson -varaformaður	
Magnús Örn ÍTS	

Dagskrá:

1. ÍTS heimsókn
 2. Yfirlit deilda
 3. Breytingar á reglum um íþróttamann/konu Gróttu
 4. Skipting á bæjarstyrk
 5. Önnur mál
-

Magnús Örn frá ÍTS boðinn velkominn á fundinn og lögð fram breyting á dagskrá, lagt til að liður 1 og 2 yrðu teknir samtímis, samþykkt.

1. ÍTS heimsókn - Yfirlit deilda

Magnús byrjaði að segja frá sjálfum sér og sínum bakgrunni og að hann væri glaður að vera kominn á þennan fund hjá aðalstjórn Gróttu. Sagði hann frá því að bærinn hefði haldið boð fyrir meistarflokk k í knattspyrnu og hefði það gengið vel. Hann er er nýr í ÍTS og er hann að setja sig inn í málin. Hinir 3 fulltrúarnir boðuðu forföll. Sagði hann að reynt yrði að styðja kraftlyftingadeild Gróttu betur og ætti að stofna afrekssjóð sem þau gætu sótt um í. Samstarfssamningur Seltjarnarnessbæjar og Gróttu gildir í 3 ár og er uppgjör Gróttu í góðu standi. Það eru miklar kvaðir í





samningnum um að skila uppgjöri 3 x á ári. Magnús áréttaði að Gróttta þyrfti að fara að skila inn fjárhagsáætlun og það vantaði fundargerðir aðalstjórnar á netið. Magnús talaði um styrkjakerfið hjá bænum. Það eru góðar reglur í gildi og afgreiðir Haukur Íþróttafulltrúi þær. Reglurnar eru í endurskoðun og munu styrkirnir hækka. Verið er að berja saman fjárhagsáætlun hjá bænum. Einnig spurði Magnús um eineltisstefnu Grótttu og hvort hún væri yfir höfuð til. Kristín svaraði að hún væri til og væri á heimasíðu Grótttu, er unnin uppúr eineltisáætlun grunnskólans. Rætt var um hvort leiðbeinendur Grótttu á sumarnámskeiðum færu á skyndihjálparnámskeið. Hefur komið kvörtun frá foreldrum um að leiðbeinendurnir séu ekki nógu vel undirbúnir. Var fólk sammála um að fá að Gróttta myndi fá að nýta námskeið sem bærinn heldur fyrir sína leiðbeinendur, samstarfið hefur minnkað undanfarin ár. Magnús kom með nokkrar spurningar til deildanna og í kjölfarið komu formenn deildanna með yfirlit og gagnspurningar til hans. Spurði hann um þróun iðkenda í deildum Grótttu og líka um þróun æfingagjalda. Handknattsdeild og knattspyrnudeild hafa ekki hækkað sín æfingagjöld en fimleikarnir hafa hækkað sín gjöld um 10-11 %. Ekki hafa komið nein neikvæð viðbrögð frá foreldrum varðandi hækkinguna. Nú var komið að deildunum að koma með sitt yfirlit og koma þá með spurningar til Magnúsar ef eitthvað brynna á þeim.

Knattspyrnudeild

Þar sem Hilmar boðaði forföll tók Haraldur formaður upp umræðu um gervigrasið. Þarf að fara að skoða endurnýjun á því, síðustu ár hefur aska úr Eyjafjallagosi sest á völlinn og myndað hellu og er því völlurinn mjög harður. Þarf að endurnýja svona gras á 8-10 ára fresti. Svipaðar iðkendatölur eru hjá knattspyrnudeild og hjá handknattleiksdeild. Mikil ánægja með samstarfið við KR hjá stúlkunum og eru þær að fara á Coke cola mót á Akureyri og til Spánar og Danmerkur í sumar.

Var Magnús spurður um aðkomuna að íþróttahúsinu sem er algjörlega óviðunandi. Hann sagði að það væri forgangsmál hjá bænum að laga aðkomuna strax. Einnig fékk hann spurningu um stækkun íþróttamiðstöðvarinnar. Hann svaraði því þannig að Ásgerður bæjarstjóri sé að reyna að ná samningum við Reykjavíkurborg um samstarf um fjármögnun vegna fjölda iðkenda í Grótttu úr Reykjavík. Ef það gengur ekki fer málið aftur til ÍTS. Haraldur benti líka á könnum ASÍ hvað kostar að æfa í þróttir á milli félaga. Var Gróttta þar um miðju en ekkert er tekið inni þetta hvað er innifalið. Magnús tilkynnti að hækka ætti tómskundatyrk úr 30.000 kr í 50.000 kr mikil ánægja með það. Benti hann einnig á að Seltjarnarnesbær eru að setja 17-28 % af tekjum í tómskundastarf geri aðrir betur! Rætt var um stefnu Grótttu og stefnu bæjarins í íþrótt og tómskundamálum. Þar er Gróttta í lykilaðstöðu í að framfylgja stefnu bæjarins í íþróttamálum. Þarf að vinna í aðgerðaráætlun. Var Magnús spurður úti yfirtöku Grótttu á rekstri íþróttamannvirkja, hann hafði ekki fengið meitt um það mál en ætlaði að kynna sér af hverju Gróttta fékk ekki að taka við rekstrinum. Hann spurði einnig um rekstur íþróttahúss. Haraldur og Ásta sögðu að viðhaldi hefði verið ábótavant undanfarið. Guðrún Edda sagði að það vantaði lista inn á klósett þar sem skráð væru þrif og líka að það vantaði oft sápu í klefa. Að lokum óskaði Gróttta eftir meiri samskiptum/eftirliti frá ÍTS.





Fimleikadeild

Guðrún Edda formaður fimleikadeildar sagði frá því að keppnistímabilið sé að af stað hjá fimleikadeild. Stúlkur úr hóp fimleikahópi Gróttu verða í upphafsatriði NM í hóp fimleikum sem verður haldið á Íslandi í október. Það eru planaðar ferðir til Akureyrar á haustmót og í Reykjavík líka. Meistaraflokkurinn er að fara til Boston í febrúar til að keppa á þrepamóti þar. Þetta eru 16 stúlkur á aldrinum 10-16 ára og mun Tony sem var gestþjálfari hjá Gróttu í vor taka á móti þeim og munu þær æfa hjá honum. Guðrún sagði frá að iðkendur í fimleikadeild síðasta ár hefðu verið 550 stk. Æskilegur fjöldi væri 500-520 stk. Nú í vetur eru skráð 509 stk. Margir á biðlista en öll börn á Seltjarnanesi eru komin inn, þau voru höfð í forgangi. Guðrún kom inn að búningsaðstaðan væri óviðunandi, börn væru að klæða sig í skúmaskotum hingað og þangað. Var hún ánægð með þegar Magnús frá ÍTS kom í heimsókn til fimleikadeildar fyrr í haust og fór yfir aðstöðuna með honum með yfirþjálfara fimleikadeildar. Magnús sagði að umræðan um stækkun íþróttamiðstöðvar væri jákvæð hjá bænum en benti á að hlutfall barna frá Reykjavík í fimleikadeildinni væri þyrnir í augum margra. Haraldur og Arnar bentu á að stækkun íþróttamiðstöðvar kæmi ekki bara fimleikumum vel heldur öllum deildum innan Gróttu. Ásta benti á að handknattleiksdeild og fimleikadeild skiptu með sér litla sal. Enn og aftur barst talið að búningsaðstöðunni. Haraldur spurði hvort ekki væri hægt að fá td upphitaða gáma til að leysa bráðasta vanda búningsaðstöðunnar og að bærinn kæmi með einhverja framtíðarsýn varðandi stækkun íþróttamiðstöðvarinnar. Magnús sagði það brýnt að bregðast við sem fyrst en benti á að fara yrði varlega í öllu tali um stækkun íþróttamiðstöðvarinnar það sé á forgangslista en bærinn vill fara varlega. Bent var á að grunnskóli, eldri borgarar, fimleikadeild og TKS nota hátíðarsal Gróttu.

Handknattleiksdeild.

Arnar sagði að allt væri að fara á fullt hjá handknattleiksdeild. Allt í miklum blóma hjá meistaraflokkunum 7 leikja sigurhrina. Meistaraflokkur kk að fara spila mjög erfiðan leik við Víking 07.okt. Mikil stemming hefur verið í kringum liðin og góð mæting á leiki til að mynda mættu 250 manns á leik Gróttu og ÍR hjá konunum. Yngri flokkar í góðum málum komnir góðir þjálfarar á alla flokka og Kári Garðasson yfirþjálfari. Iðkenda fjöldi er 195 skráð en talið er að um 250 sé heildartalan. 4.flokkur kk fer á NM um áramótin og svo fara 4 og 5.flokkur á Partille í sumar. Gróttu á marga fulltrúa í yngri landsliðum og 1 fulltrúa í A landslið kvk. Handknattleikdeildin hefur verið mjög virk á samfélagsmiðlum.

Kraftlyftingadeild.

Erla Kristín kom með þær undarlegu fréttir að Gróttu hefði ekki unnið síðasta kraftlyftingamót. Ástæðan er að okkar besta fólk er mikið að keppa erlendis og keppir því ekki á öllum mótum hérlendir. Gróttu mun næsta örugglega vinna bikarinn í samanlögðu er með mikið forskot á næstu lið. Gróttu á í stappi við KRAFT vegna lagabreytinga hjá þeim sem útilokar konur frá keppni vegna hárra lágmarka, lágmrörkin eru orðin svo há að við erum orðin strangari en Norðmenn þá er mikið sagt. Verið er að kanna stöðuna KRAFT svarar ekki fyrirspurnum Gróttu.





Matthildur Óskarsdóttir, Grótttu keppti á Íslandsmóti unglunga í klassískum kraftlyftingum sem haldið var á Akureyri 20. september sl. og stóð sig með mikilli þrýði. Hún varð Íslandsmeistari í sínum þyngdarflokki með hvorki meira né minna en tólf Íslandsmet.. Erla sagðist líka vera ánægð með að kraftlyftingadeildin fengi hlutdeild í afrekssjóði hjá Seltjarnarnesbæ. Annars allt starf í góðu jafnvægi.

3. Breytingar á reglum um íþróttamann/konu Grótttu

Lögð var fram breyting á lögum á vali á íþróttamann/konu unglunga á þann veg að hægt er að tilnefna aftur þó viðkomandi hafi verið valinn áður, ekki er hægt að tilnefna einstakling sem hefur verið valinn íþróttamaður/kona unglunga áður.

4. Skipting á bæjarstyrk

Ragnar kynnti tillögu aðalstjórnar á styrknum frá bænum. Sköpuðust nokkrar umræður um skiptinguna. Ekki voru allir ásáttir með skiptinguna. Óskaði Ragnar eftir skriflegum athugasemdum sem hægt væri að fara yfir. Guðrún Edda formaður fimleikadeildar óskaði eftir meiri umræðu á fundinum og var ekki sátt við hlut fimleikadeildar fannst skiptingin óréttlát. Kom hún með tillögu þess efnis að allir yngri flokkar fengju jafnan hlut í þessu og það þyrfti að auka gegnsæi í ferlinu. Arnar ætlar að skoða og koma með tillögur um breytingar.

5. Önnur mál

Erla Kristín hefur lagt beltið á hilluna ☹!

Fundi slitið 21:34

